

KYNNING Á FÉLAGI ALMENNRA LÆKNA



Kæru kandidatar og félagar!

Hvað er FAL?

FAL er félag allra almennra lækna og læknakandidata. Félagið er næst stærsta aðildarfélag að Læknafélagi Íslands, með um 200 féлага. Læknanemar á 4.-6. ári hafa áheyrnaraðild og mæta oft á viðburði félagsins.

Tilgangur þess er meðal annars að semja um laun okkar við ríkið, standa vörð um réttindi og halda uppi stuði og góðum mórál. Allir kandidatar eru félagar og eiga að hafa aðgang að heimasíðu félagsins, fal.is, sem og Læknafélags Íslands, lis.is. Aðgangur er nauðsynlegur til að fylgjast með umræðum og fréttum og til þess að geta fengið fjölpósta um viðburði og annað.

Ef þú hefur ekki aðgang, eða veist um aðra sem ekki hafa aðgang er bent á að hafa samband við skrifstofu Læknafélags Íslands, lis@lis.is, og verður því þá snögglega kippt í liðinn.

Auk þess erum við með Facebooksíðu til að ná til félagsmanna og heitir hún einfaldlega [FAL](https://www.facebook.com/fal.is). Það er lokuð síða sem biðja þarf um aðgang að en einnig erum við með opna síðu undir heitinu [Félag almennra lækna](https://www.facebook.com/felag_almennra_laekna). Til þess að vera með í umræðum bendum við okkar félögum einnig á að finna hópinn [Íslenskir læknar](https://www.facebook.com/islenskir_laeknar) á Facebook.

Hvað gerir FAL?

Starfið fer fram í stjórn og fimm nefndum (sjá nánar [hér](#)):

Samninganefnd

Vinnur að öllu því sem viðkemur kjaramálum, þ.e. samningaviðræðum um kjarasamninga við ríkið, PR málum, o.fl. Tölvupóstfangið er samninganefnd@fal.is.

Hagsmunanefnd

Þetta er nefnd sem kandidatar ættu að taka eftir. Hlutverk hennar er að vinna að ýmsum atriðum sem varða vinnustað, svo sem samskiptum við aðrar stéttir, vinnuskilyrðum, trúnaðarmannakerfi, að kjarasamningar og önnur réttindi séu virt ofl. **Hlutverk nefndarinnar er einnig að vinna sérstaklega að málefnum kandidata.** Tölvupóstfangið er hagsmunanefnd@fal.is.

Skemmtinefnd

Partí, partí! Og veitir ekki af! Tölvupóstfangið er skemmtinefnd@fal.is.

Upplýsinganefnd

Þessi nefnd vinnur að því að efla FAL sem félag með því að auka upplýsingaflæði og efla tengsl við félagsmenn, t.d. verðandi og nýja kandidata. Nefndin hefur umsjón með heimasíðu félagsins.

Fræðslunefnd

Stærstu hlutverk nefndarinnar eru að koma að skipulagningu og standa fyrir öðru fræðslustarfi, svo sem tilfelli og fræðsla á heimasíðu félagsins, fræðslukvöld ofl. Nefndin kemur að undirbúningi Læknadaga. Tölvupóstfang: fraedslunefnd@fal.is.

Hverjir starfa með FAL?

ALLIR sem vilja geta starfað með FAL og því fleiri, því betra. Viljir þú taka virkan þátt skaltu hnippa í nálægasta stjórnar- eða nefndarmann.

Stjórn FAL 2015-16:

Formaður: Tinna Harper Arnardóttir, formadur@fal.is, S: 868-3385

Ritari: Berglind Harper Kristjánsdóttir, ritari@fal.is

Gjaldkeri: Jón Kristinn Nielsen, gjaldkeri@fal.is

Meðstjórnendur: Katrín Hjaltadóttir, Dagrún Jónasdóttir, Guðrún Arna Jóhannsdóttir, Bjartur Sæmundsson, Margrét Edda Örnólfsdóttir og Sýlvía Björg Runólfsdóttir

Fulltrúar læknanema: Sæmundur Rögnvaldsson (formaður Félags læknanema) og Agnar Hafliði Andrússon.

Og svona rétt að lokum þá vonum við að þið séuð að njóta kandidatsársins með öllu því sem fylgir með, kostir og gallar, gleði og ... meiri gleði! Hlökkum til að sjá ykkur á næstu samkomum!

Kveðja,
FAL